



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Engjaborg 2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Innihald

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
2.1	Innra mat	4
2.2	Ytra mat	6
2.2.1	Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023	7
2.3	Innra mat Suðurengis	9
2.3.1	Umbótaáætlun Suðurengis	10
2.4	Innra mat Austurengis	11
2.4.1	Umbótaáætlun Austurengis	12
2.5	Innra mat Norðurengis	13
2.5.1	Umbótaáætlun Norðurengi	14
2.6	Innra mat Vesturengis	15
2.6.1	Umbótáætlun Vesturengi	16
2.7	Innra mat sérkennslu	17
2.7.1	Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023	18
2.8	Innra mat – fjöltyngd börn	19
2.8.1	Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023	20
3	Starfsþróun og fræðsla	21
4	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
4.1	Samstarf Engjaskóli – Engjaborg – Brosbær 2022– 2023	23
5	Foreldrasamvinna	25
6	Skipulagsdagar og starfsmannafundir	25
7	Fylgigögn	25
7.6	Leikskóladagatal	25
7.7	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	25



1 Greinargerð leikskólastjóra

Þrautseigja, lausnamiðuð hugsun og samstaða eru þau orð sem koma upp í huga þegar hugsað er til starfsfólks Engjaborgar eftir þetta leikskólaár. Þrátt fyrir margvíslegar og margbreytilegar takmarkanir, sóttkví, einangrun og mikil veikindi nutu börnin hér dagsins við nám og leik og á hverjum degi var leitað leið til að gera leikskólann að góðum stað fyrir börn fjarri veiru og veseni. Sumarið ætlum við að nota til að safna kröftum og horfum björtum augum til framtíðar og höldum áfram að vinna og þróa gott leikskólastarf fyrir öll börn í Engjaborg.

Undanfarin ár hefur starfið í Engjaborg verið í mikilli þróun og miklar breytingar hafa orðið á faglegu starfi leikskólans. Nú teljum við að öllum meiriháttar breytingum sé lokið og tími komin til að dýpka okkur í því sem við höfum innleitt, en við ætlum að halda áfram að vera í sífelldri þróun og leita ávallt að bestu leiðinni.

Könnunaraðferðin var innleidd á haustönn og unnu allir með Krumma í mislangan tíma, eftir áramót var ákveðið að grípa hugmyndir barna og vinna með það sem þau höfðu sérstakan áhuga á, eins og gert er ráð fyrir í Könnunaraðferðinni. Verkefni voru mislöng en þegar þetta er skrifa eru 9 mismunandi hópar að ljúka verkefnum sínum fyrir sumarið, sumir hafa verið í því sama alveg eftir áramót en aðrir farið í fleiri en eitt verkefni, allt eftir áhuga barnanna hverju sinni.

Við tókum þátt í þróunarverkefninu „Flæði og samþætting“ ásamt leikskólunum Funaborg, Hólaborg og Sunnufold og Önnu Magneu Hreinsdóttur kennara við Háskóla Íslands. Í verkefninu horfðum við á hlutverk starfsfólks í leikskólastarfinu og var markmiðið að styrkja starfsfólkið í að vinna með sjálfsefningu og félagfærni barna og starfsfólks og virkja þannig skapandi hugsun og læsi og efla heilbrigði allra sem að leikskólanum koma. Deildarstjórar þessara fjögurra leikskóla fengu lesefni sent frá Önnu Magneu einu sinni í mánuði og hittust svo þar sem að Anna Magnea var með innlegg og ræddu svo sín á milli tækifæri og áskoranir í leikskólanum. Deildarstjórar áttu svo að sjá um fræðslu á sínum deildum. Það verður að segjast eins og er að ekki fór allt eins og í upphafi var ráðgert og Covid19 hafði margvísleg áhrif á verkefnið, en margar góðar breytingar á leikskólastarfinu er hægt að tengja beint við þetta verkefni. Við hefðum viljað ná að fræða starfsfólk á deildum betur og gera það reglulega og gera þátttöku þeirra meiri. Áfram skal haldið og ætla þessir leikskólar ásamt Önnu Magneu saman í nýtt verkefni næsta vetur sem er sjálfstætt framhald af þessu verkefni, það heitir „Þátttaka barna í leikskólastarfi“ og er eins og nafnið gefur til kynna með áherslu á hvernig starfsfólk eykur þátttöku barna og hlustar á hugmyndir þeirra um leikskólastarf.

Þemadagar hafa verið í Engjaborg í mörg ár, þá ákvað starfsfólkið þegar leikskóladagtalíð var gert hvað dagar ættu að vera á því leikskólaár. Þetta leikskólaár sem er að líða var ákveðið að setja bara dagsetningar fyrir þessa daga og svo myndi barnahópurinn ráða hvaða dagar væru. Vesturengi og Norðurengi skiptust á að ákveða hvaða dagur ætti að vera, eins og oft áður leituðu börnin í fyrri reyngu og voru dótadagur og búningadagur fyrstir fyrir valinu en svo þegar á leið var leitað víðar og börnin komu með tillögur og greiddu síðan atkvæði um tillögurnar. Til gamans má geta að eitt sinn kom tillaga um að hafa laugardag, en sú tillaga fékk ekki brautargegni en gaman hefði verið að útfæra hana.

Þennan vetur sem er að líða eru börnin á Suðurengi talsvert eldri en árin áður og lítur út fyrir að næsta vetur verði þau enn eldri. Þetta kallar á breytt vinnubrögð á Suðurengi. Þau þurfa þó ekki að leita langt yfir skammt heldur fá stuðning frá Austurengi þegar kemur að breytingum í starfi.

Eins og áður kom fram teljum við að stærstu breytingum á faglegu starfið hér í Engjaborg séu að festast í sessi og ætlum því næsta vetur að skrifa starfsmannahandbók og endurskoða Skólanámskrá Engjaborg.

Vegna þessa „fordæmalausu tíma“ er margt í þessari starfsáætlun endurtekið frá þeirri síðustu.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

2.1 Innra mat

Eins og síðast leikskólaár nýttum við okkur símat og þar sem allt starfsfólk kom að matinu, notaðir voru starfsmannafundir, deildarfundir, stjórnteymisfundir, teymisfundir og fundaraðir til þess. Verkefni voru metin og strax farið í umbætur.

Börnin komu að mati á samverustundum og Flæði. Hádegismaturinn var nýttur til þess en í hádeginu er opið borð í Listengi þar sem að 6 börn geta borðar í einu, börnin eru af þrem elstu deildunum, í matartímanum er flæði þannig þar koma við fleiri börn á hverjum degi. Fagstjóri stýrði umræðunum og punktaði niður hugmyndir og skoðanir barnanna. Foreldrar komu ekki að endurmati þetta leikskólaárið.

Teymi

Nokkuð mörg teymi eru í Engjaborg. Þessi teymi eiga að hittast misoft, sum á ákveðnum tímum í leikskóladagatalinu en önnur eftir þörfum. Eins og annað þetta leikskólaár var þetta ekki eins og í upphafi var ætlað.

Í upphafi þegar teymin urðu til fékk starfsfólk að velja sér teymi. Okkur langar að halda því en passa líka upp á að það sé einn frá hverri deild og hann haldi utan um þetta verkefni á deildinni sinni. Því ætlum við í upphafi næstu annar að fara vel yfir teymin, hvað teymi viljum við hafa áfram, er hægt að sameina einhver, hver eru markmið þeirra og eru aðilar frá öllum deildum í þeim?

Fundarraðir

Á síðasta leikskólaári byrjuðum við með fundarröð og þetta leikskólaárið voru þær tvær. Í fundarröð eru tekin fyrir bæði fagleg og „praktísk“ málefni líðandi stundar. Þau eru endurskoðuð og ígrunduð, komið með hugmyndir að umbótum og verkferlar skýrðir og eftirfylgni með framkvæmd. Fundarröðin eftir áramót dróst langt undir vor en fundarefni voru; Orðaforðabækur, myndir í Völu, Efi2 og Hljóm2 niðurstöður, Umgengi í Engjaborg, Nýtni og sóun, Gefðu 10.

Á síðasta starfsdegi að voru fór starfsfólk deilda yfir „Gátlista menntastefnu“ gerðu umbætur strax á sinni deild eða setti þær hér í þetta plagg.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Könnunaraðferðin	Á deildarfundum, starfsmannafundum. Í fundarröð	Starfsfólk allra deilda	Starfsfólki fannst gaman að vinna með þessari aðferð og að hún næði vel til barnanna. Að starfsfólk strykist og þori að taka „áhættur“ þ.e. gera eitthvað nýtt og öðruvísi og að allir þurfi ekki að gera eins.
Samverustundir	Í hádegismat í Listengi	Barnahópar	Almenn ánægja var með samverustundir og innihald þeirra. En sumir nefndu að það væri erfitt þegar allir væru að tala og sumir að öskra og með læti
Flæði	Í hádegismat í Listengi Starfsmannafundir, deildarfundir, stjórnteymisfundir og flæðisteymisfundir	Barnhópar Allt starfsfólk	Öll börnin sem tóku þátt í matinu ánægð með flæðið. Almenn ánægja hjá starfsfólki en suma fannst vantar hugmyndir af hvað hægt er að gera
Nýtni/sóun og umgengni í Engjaborg	Fundarröð	Tveir starfsmenn af deild	Starfsfólk er ómeðvitað um nýtni og sóun og það ekki eitthvað sem starfsfólk hugsar um dagsdaglega. Umgengi misjöfn eftir deildum. Þörf er á að lagfæra aðstæður fyrir útföt í fataherbergi.



2.2 Ytra mat

Starfsmannakönnun: Þegar starfsmannakönnun var gerð var mikil fjarvera starfsfólks vegna veikinda og öll orka og athygli starfsfólks fór í að klára daginn. Leikskólastjóri ákvað því að leggja ekki áherslu á að starfsfólk svaraði könnunni og erum niðurstöður hennar því ekki marktækar og ekki taldar upp hér. Eitt atrið úr síðustu starfsáætlun hefur ekki verið unnið að og það því endurtekið hér.

Foreldrakönnun: Hún fer fram annað hvert ár og hún var síðasta ár og eru þeir þættir sem komu fram í henni endurteknir hér því ekki hefur markvist verið unnið í úrbótum á þeim.

Flæði og samþætting: Í maí var sameiginlegur starfsmannafundur Engjaborgar, Funaborgar, Hólaborgar og Sunnufoldar þar sem að Dr. Anna Magnea gerði mat á þróunarverkefninu „Flæði og samþætting“.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Hæfilegt vinnuálag	Starfsmannakönnun	Starfsmenn	3.80
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	Spurningakönnun	Foreldrar	3,86
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um farmfarir barnsins	Spurningakönnun	Foreldrar	3,68
Ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins	Spurningakönnun	Foreldrar	3.53
Flæði og samþætting	Skriflegt mat	Allir starfsmenn sem mættir voru á starfsmannafund	Þar kom fram að deildarstjórum fannst gott að fá lesefni reglulega og fyrirlestrarnir hafi verið góðir ásamt umræðunni um þá. Þar kom einnig fram að þeir sem ekki sátu fyrirlestranna fannst vanta meiri umræðu og miðlun frá deildarstjórum um verkefnið.



2.2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Snerpusamtöl	Að allt starfsfólk eigi samtali við sinn næsta yfirmann reglulega	Búið er að gera plan sem unnið verður eftir.	Stjórnendur	Sept	Maí	Gátlistar	Allt starfsfólk fer í snerpusamtal annan hvern mánuð og deildarstjórar vinna úr samtölunum
Vinnuálag	Að starfsfólk upplifi að það hafi stjórn á álagi í starfi	Álagsþættir í starfi skoðaðir og gerðar breytingar	Deildarstjórar	Okt	Feb	Starfsmanna-, deildar- og teymisfundir og Starfsmanna-könnun	Hæfilegt vinnuálag 3.9 (tekið úr Starfsáætlun 2021-2022)
Uppeldis- og menntunarstarf							
Flæði	Að flæðið verði fjölbreyttara	Gerður verður hugmynda banki sem alltaf er hægt að bæta við og hann gerður sýnilegur öllum.	Flæðisteymi	Okt	Nóv	Flæðistöflur skoðaðar um áramót	10 ný verkefni hafa komið fram á flæðistöflu
Málörvuna fyrir alla	Að öll börn fái samverustundir við hæfi	Viðhaldið því að samverustundir séu alltaf allsstaðar í litlum hópum	Deildarstjórar	Sept	Des	Barnahópurinn spurður í matartíma. á 6 vikna fresti	90% barnanna upplifi að þau fái næði til að fylgjast með í samverustundum
Foreldrar - þátttaka	Að foreldrar upplifi að þeir fái upplýsingar um framfarir og taki þátt í að meta framfari barnsins	Skilgreinum hvað fram fer í foreldrasamtölum.	Verkefnastjóri	Sept	Sept	Næsta foreldrakönnun	„Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins“ og „Ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins“ 4.0



Foreldrar -stefna leikskólans	Að foreldrar þekki stefnu leikskólans	Gerð verði foreldrakönun á því hvaða upplýsingar þeir vilja fá frá leikskólanum og á hvaða formi og eftir það gerð áætlun um upplýsingagjöf	Leikskólastjóri	Sept		Næsta foreldrakönun	„Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans“ 4.0
	Könnunaraðferðin.	Að starfsfólk upplifi það sé öruggt í vinnum með könnunaraðferðina, það þori að gera nýja hluti og styðji hvert annað í vinnslu verkefna	Umræða á deildarfundum og starfsdögum, þar sem starfsfólk ma. sýnir skráningar af verkefni í vinnslu.	Könnunaraðferðarteymi	Jan	apríl	Á deildarfundum og starfsdögum. Barnahópurinn í matartíma á 6 vikna fresti
Mannauður/Leikskólabragur							
Engjaborg við fyrstu sýn	Að fataherbergi sé snyrtilegt og aðlaðandi	Fundin verði lausn þar sem starfsfólk geti gengið frá skó – og útífatnaði fljót og örugglega.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Sept	Sept	Á deildarfundum	Að allt starfsfólk finnist það eiga auðvelt aðgengi að skó- og útífatnaði.
Nýtni og soun	Að auka nýtni og minnka soun	Að starfsfólk leggi sig fram við að ræða reglulega hvað er nýtni og soun og hvernig það sé hægt að bæta það.	Græn skref (teymi)	Janúar	Mars		Græn skref (teymið) safnar saman hugmyndum sem framkvæmdar hafa verið í Engjaborg um nýtni og hvernig má koma í veg fyrir soun.
Innra mat							
Matsáætlun	Að innra mat verið markvist og hluti af leikskólastarfinu	Gerð verður matsáætlun	Matsteymi	Sept	Okt	Matsteymisfundir	Matsáætlun verður gerð opinber fyrir starfsfólki og foreldrum.



2.3 Innra mat Suðurengis

Hvað var metið: „Gefðu 10“

Hvenær: Veturinn 2021-2022

Hvernig var metið: Á deildarfundum

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Þetta verkefni fór ekki af stað í vetur.

Umbætur: Verður sett í næstu starfsáætlun.

Hvað var metið: Barn vikunnar

Hvenær: sept – maí

Hvernig var metið: Með gátlista

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk

Helstu niðurstöður: Farið var eftir áætlun sem gerð hafði verið og öll börn voru einu sinni barn vikunnar.

Hvað var metið: Flæði

Hvenær: janúar – mars

Hvernig var metið: Deildarfundum og stjórnteymisfundum.

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk

Helstu niðurstöður: Byrjað var seint á þessu verkefni vegna hólfaskiptingu en þegar að henni lauk fóru fjögur börn í flæði í hvert skipti sem farið var. Þegar sumarflæðið byrjaði tóku þau börn sem voru vöknud þátt í því alla daga ásamt einum starfsmanni.

Umbætur: nú lítur út fyrir að börn á Suðurengi verði eldri en áður og fleiri þeirra taka þátt í flæðinu og verður það gert skipulega.

Hvað var metið: Sögustund með brúðum

Hvenær: feb – apríl

Hvernig var metið: Með gátlista

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk

Helstu niðurstöður: Einn starfsmaður var með sögustundir og þá aðeins með elstu börnunum, gekk það vel í öllum tilfellum og er komið til að vera á Suðurengi.



2.3.1 Umbótaáætlun Suðurengis

UMBÓTAPÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
Flæði	Að eldri börn á Suðurengi taki þátt í Flæðinu	Gerð verður áætlun um þátttöku barna og starfsfólks í flæðinu	Deildarstjóri	Sep	Des	Á deildarfundum og gátlisti	80% daganna nái starfsfólk að sinna þessu verkefni
Gefðu 10	Að auka samtal og samskipti allra starfsmanna og allra barna. Fjölga og jafna námstækifæri.	Gerð verður áætlun eftir aðferðinni „Gefðu 10“	Deildarstjóri/starfsfólk	Nóv	Feb	Gátlisti	80% daganna nái starfsfólk að sinna þessu verkefni
Deildin sjálf rýmið	Að börnin hafi aðgengi fjölbreyttum efnivið á deildinni í sköpun og leik.	Að breyta og bæta aðgengi að efniviðinni á deildinni í samræmi við aldur og þarfir barnanna	Deildarstjóri/ allt starfsfólk	okt	jan	Myndir af deildinni. Rætt á deildarfundum	Myndir þar á að sjást að aðgengi hefur breyst miðað við þroska barnanna á deildinni



2.4 Innra mat Austurengis

Hvað var metið? Könnunaraðferðin

Hvenær? Veturinn 2021-2022

Hvernig var metið? Á deildarfundum, starfsþróunarsamtölum, börnin spurð.

Hverjir tóku þátt? Starfsfólk deildarinnar og börnin.

Helstu niðurstöður: Vinna við könnunaraðferðina hófst haustið 2021. Í byrjun vetrar var ákveðið að krumminn yrði þema haustsins í öllum hópum í leikskólanum. Ástæðan var sú að við vildum fyrst og fremst þróa okkur í aðferðinni í byrjun. Börnin vissu orðið mikið um krumma eftir nokkra vikna vinnu með hann.

Könnunaraðferðin lá niðri í janúar til mars en nú á vormánuðum hófum við aftur könnunaraðferðina með tengingu við hópana á deildinni sem eru: Tröllahópur, úlfahópur og bjarnarhópur. Unnið var á margvíslegan hátt með hvert þema fyrir sig meðal annars með hugarkorti, sögustundum, leikritum og leik. Til þess að auka áhrif barnanna ákvað Bjarnarhópur að breyta þemanu sínu yfir í Frozen þema og Úlfahópur varð að Tröllahóp því að það var það sem börnin vildu.

Hvað var metið? Skráningar

Hvenær? Veturinn 2021-2022

Hvernig var metið? Skráningar voru metnar reglulega á teymisfundum, deildarfundum, ásamt því að efni í ferilmöppum barnanna var metið.

Hverjir tóku þátt? Þeir starfsmenn leikskólans sem sitja í matsteymi um skráningar og starfsfólk deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Starfsmannahópurinn á Austurengi tók þátt í verkefni deildarstjórans í menntunarfræðum leikskóla við Háskóla Íslands þar sem starfsmenn unnu í lærdómssamfélagi innan deildarinnar að því markmiði að þróa skráningar og ferilmöppur barnanna. Unnið var að því að gera ferilmöppurnar einstaklingsmiðaðar til þess að hægt sé að greina persónuleika hvers barns fyrir sig auk þess sem lögð var áhersla á að styrkleikar barnanna og nám þeirra kæmu fram í skráningum.

Hvað var metið? Gefðu 10

Hvenær? Veturinn 2021-2022

Hvernig var metið? Á starfsmannafundum, deildarfundum, stjórnateymisfundum

Hverjir tóku þátt? Allir starfsmenn leikskólans á mismunandi fundum.

Helstu niðurstöður: Á Austurengi í vetur voru þrjú tvítyngd börn. Sterk tenging er á milli starfsfólks deildarinnar og allra barna á deildinni, einnig þeirra tvítyngdu, og miklar samræður eiga sér stað við hvert og eitt þeirra allan daginn. Verkefnið Gefðu 10 hefur þó sjálft ekki verið virkjað nægilega vel og þarf að bæta úr því næsta vetur.

Úrbætur: Það er markmið okkar að öll börn deildarinnar fái áfram mikla málörvun í samræðum við þau en að hafa umgjörðina markvissari þannig að hægt sé að mæla hvort öll börn fái Gefðu 10, sérstaklega tvítyngdu börnin.

Hvað var metið? Barn vikunnar

Hvenær? Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið? Á teymisfundum, deildarfundum og skráningar á barni vikunnar í ferilmöppum barnanna.

Hverjir tóku þátt? Þeir starfsmenn leikskólans sem sitja í þessum teymum, starfsmenn og börn deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Mikil ánægja var með verkefnið um barn vikunnar í vetur hjá börnum, foreldrum og stafsólki. Unnið var markvísst eftir áætlun um verkefnið og skráningar gerðar jafnóðum. Þegar börnin voru barn vikunnar mátti greina að þau voru ánægð og að sjálfsmynd þeirra eflidist. Þegar öll börn deildarinnar höfðu verið barn vikunnar var farinn annar hringur en greina mátti minni áhuga hjá foreldrum þá og því verður það ekki gert aftur.



2.4.1 Umbótaáætlun Austurengis

UMBÓTAPÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Deildin sjálf rýmið	Að börnin hafi fjölbreyttan efnivið á deildinni í sköpun og leik.	Að breyta og bæta efniviðinn á deildinni í samræmi við þarfir barnanna og leikskólafræðin	Deildarstjóri/ allt starfsfólk	Sept	Maí	Hlustað á raddir barnanna. Rætt á deildarfundum	Að börnum og starfsfólki líði vel á deildinni. Þar sé fjölbreyttur efniviður og skipulagið gott
Skapandi hugur og hönd	Að bæta sköpun á deildinni í samræmi við viðmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar	Starfsfólk hvetji börnin til fjölbreyttra listsköpunar í ýmsum myndum	Deildarstjóri/starfsfólk	Sept	Maí	Með skráningum og listaverkum í ferilmöppum og á veggjum leikskólans	Að það sjáist að börnin hafi skapað fjölbreytta list
„Gefðu 10“	Að auka samtali og samskipti allra starfsmanna og allra barna. Fjölga og jafna námstækifæri.	Gerð verður áætlun eftir aðferðinni „Gefðu 10“	Deildarstjóri/starfsfólk	Nóv	Feb	Gátlisti	80% daganna nái starfsfólk að sinna þessu verkefni
Þróa áfram sögustundir með brúðum	Að börnin fái tækifæri til þess að auka hlustunarskilning sinn og tjáningarfærni í gegnum skemmtilegar sögustundir	Að börnin fái reglulega sögustundir með brúðum með starfsmanni og tækifæri til þess að túlka eigin sögur í tali og leik með fjölbreyttum efnivið	Deildarstjóri/starfsfólk	Sept	Maí	Að skráningar í ferilmöppum barna og á veggjum leikskólans sýni þegar börnin tjá þær sögur sem þau hafa heyrt í sögustundum í tali þeirra og leik.	Að skilningur á þeim sögum sem börnin hafa heyrt skili sér í tjáningu barnanna á eigin sögum.



2.5 Innra mat Norðurengis

Hvað var metið: Könnunaraðferðin

Hvenær: Veturinn 2021-2022

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunnarhópum barna

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk og börn deildar

Helstu niðurstöður: Könnunaraðferðin hefur farið áætlega af stað hjá okkur á Norðurengi. Fyrir áramót töludum við um „Krumma“ og svo „Hvolpasveit“ eftir áramót. Við höfum spurt opinna spurninga og höfum lagt áherslu á að fá börnin til að ræða um efnið og segja sína skoðun. Starfsfólk deildar tala um að stundum sé erfitt að fá börnin til að tala um efnið.

Umbætur: Gera fleiri skráningar þar sem við sjáum skoðunarferlið/verkefnið betur og finna betri leiðir til að virkja börnin í ferlinu.

Hvað var metið: „Gefðu 10“

Hvenær: Veturinn 2021-2022

Hvernig var metið: Á deildarfundum

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Þetta verkefni fór ekki af stað í vetur.

Umbætur: Verður sett í næstu starfsáætlun.

Hvað var metið: Barn vikunnar

Hvenær: Veturinn 2021-2022

Hvernig var metið: Á deildarfundum, ígrundunnarhópum barna og póstur til foreldra.

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar, börn og foreldrar.

Helstu niðurstöður: Barn vikunnar hefur tekið miklum breytingum hjá okkur í vetur. Barn vikunnar veturinn '20-'21 var þannig að bangsi var sendur heim á föstudegi og foreldrar gerðu skráningu á því hvað barnið var að gera með honum um helgina. Í vetur fékk vináttubangsinn Blær það hlutverk að fara heim með barninu og með honum fóru upplýsingar um vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ bangsa. Blað til að gera helgarskráningu og bók vikunnar(næstu viku á eftir)fór líka heim með barninu og verkefni úr bókinni sem börnin gerðu með foreldrum sínum. M.a. fundu foreldrar með hjálp barnanna, orð vikunnar sem við söfnum í orðaskjóðu sem hengd er upp á deildinni. Starfsfólk deildar er sammála um að samstarf við foreldra í þessu verkefni hefur gengið vel og foreldrar eru almennt ánægðir með verkefnið. Yfirleitt var mikið lagt í verkefnið hjá foreldrum. Börnin hlökkuðu til að vera barn vikunnar og eru sammála um að það er gaman að vera barn vikunnar.

Umbætur: Við ætlum að fjölga orðum sem við æfum í hverri viku og söfnum í orðaskjóðuna okkar. Foreldrar og börn finna einhver orð í bók vikunnar og starfsmenn deildar finna orð til viðbótar.



2.5.1 Umbótaáætlun Norðurengi

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Að auka samtal og samskipti allra starfsmanna og allra barna. Fjölga og jafna námstækifærum.	Gerð verður áætlun eftir aðferðinni „Gefðu 10“	Deildarstjóri/ starfsfólk deildar	Nóv	Feb	Gátlisti	80% daganna nái starfsfólk að sinna þessu verkefni
Lag vikunnar	Að auka orðaforða og kenna ný lög og texta	Innleiða lag vikunnar	Deildarstjóri	Sept	júní	Gátlisti	Að börnin þekki lögin sem við erum að innleiða
Sögugerð barna	Að efla frásagnarhæfni barna	Gerð verður áætlun þar sem notast verður m.a við „sögugrunn“	Deildarstjóri, starfsfólk deildar	Sep	des	Gátlisti	Að hvert barn fái skráningu á sögugerð
Námumhverfi sem endurspeglar fjölbreytilegan barnahóp	Að auka vellíðan barnanna á deildinni, þar sem áhugasvið og fjölskyldur eru sýnileg	Foreldrar beðnir um ljósmyndir af fjölskyldu og áhugasvið barna rædd í samverum	Deildarstjóri, starfsfólk deildar	Sep	des	Gátlisti	Að fjölskyldur og áhugasvið allra barna séu sýnileg á deild



2.6 Innra mat Vesturengis

Hvað var metið: Könnunaraðferðin

Hvenær : 2021 -2022

Hvernig var metið: Á deildarfundum og teymisfundum. Skráningar skoðaðar

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk og börn deildarinnar

Helstu niðurstöður: Haustið byrjaði með að könnunaraðferðin var kynnt og ákveðið var að Krummi yrði þema hjá öllum hópum á leikskólanum. Börnin höfðu mismikinn áhuga á Krumma en urðu þó flest fróðari um hann í lok verkefnisins. Unnið var með Krumma og margvíslegan átt, hann var teiknaður, búin til úr leir, hann var byggður úr legókubbum og farið í vettvangsferðir og annað sem börnunum datt í hug að gera og reynt að koma inn á alla þætti Aðalnámskrá leikskólans. Eftir áramótin réðu börnin ferðinni og hver hópur ákvað þemað fyrir sig. Harry Potter, Pöndur, Selir og Risaeðlur urðu fyrir valinu og var mjög sýnilegt á deildinni hvað var verið að vinna með.

Aðgerðir til úrbóta: Halda áfram að vinna með Könnunaraðferðina og að börnin velji sjálf viðfangsefnið sem rannsakað verður.

Hvað var metið: Skráningar

Hvenær: 2021 – 2022

Hvernig metið: Gátlistar og ferilmappa skoðuð.

Helstu niðurstöður: Deildarstjóri sá að mestu leyti um allar skráningar, það væri gott ef að allir gætu fengið undirbúningstíma til þess að gera skráningar.

Aðgerðir til úrbóta: Virkja allt starfsfólk að gera skráningar.

Hvað var metið: Gefðu 10

Hvenær: 2021 - 2022

Helstu niðurstöður: Þó svo að starfsfólk hafi verið duglegt að ræða við öll börnin og þá sérstaklega þau sem þurfa meira á málörvun að halda hefur Gefðu 10 ekki verið framkvæmt með markvisst með skráningum.

Leiðir til úrbóta: Gera skráningu markvissari og virkja alla starfsmenn.

Hvað metið: Markmið á eigin námi

Kom ekki til framkvæmda

Hvað metið: Barn vikunnar

Hvenær: 2021 -2022

Hverjir tóku þátt: Börn og starfsfólk deildarinnar

Helstu niðurstöður: Verkefnið hefur gengið vel og börnin spennt fyrir því. Börnin voru spennt fyrir því að fá að taka Blæ og töskuna með sér heim, barnið sem var að ljúka að vera Barn vikunnar fékk það hlutverk að draga mynd af því barni sem yrði næst. Þau fengu bók heim með sér í töskunni og fengu að velja sér orð úr sögunni sem var svo unnið með í Orðaskjóðunni og þau máttu líka taka með sér hlut að heiman og sýna á deildinni.

Leiðir til úrbóta: Þarf að fylgja skipulaginu betur eftir og gera barnið sýnilegra þá viku sem það er barn vikunnar. Virkja t.d. einn starfsmann sem sæi um að skipulaginu sé fylgt eftir með barninu.



2.6.1 Umbótáætlun Vesturengi

UMBÓTAPÁTTUR/ R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverkaleikur	Að efla hlutverkaleik barnanna.	Sex hlutverkakassar búnir til og börnin geta sótt sér sjálf það sem þau vantar til að auðga leikinn.	Allt starfsfólk	Okt. 2022	Nóv 2022	Gátlisti	Allir kassarnir verða tilbúnir og aðgengilegir börnum
Gefðu 10	Að auka samtal og samskipti starfsmanna og barna. Fjölgja og jafna náms-tækifærum.	Gerð verður áætlun eftir aðferðinni.	Deildarstjóri	sept. 2022 Jan 2023 Apríl 2023	okt. 2022 Feb 2023 Maí 2023	Gátlisti	80% dagana ná starfsfólk að sinna þessu verkefni
Fá börn á svæði/ litlir hópar	Börnin fá meira rými og næði í leik og til félagslegra samskipta.	Gert verður plan til þ nota Ranann og svæði í sal þar sem litlir hópar leika saman.	Allir starfsmenn	Sept 2022 Jan 2023	Nóv 2022 Mars 2023	Gátlisti Samtöl við börn	Að svæðin séu notuð 3 daga í viku þær vikur sem skráðar eru Börnin upplifa að þau fái að leika með vinum í litlum hópum
Stærðfræði (tölur og hugtök)	Börnin kynnist tölum, fjöldahugtökum og öðrum stærðfræðihugtökum.	Spila borðspil. Tölur og stærðfræðihugtök séu gerð sýnileg í umhverfi barnanna.	Deildarstjóri/ Allt starfsfólk	Sept 2022	Jan 2023	Með myndum af deildinni samtölum við börnin	Myndir af umhverfinu sem sýna breytinguna Börnin upplifi að þau fái að spila og þau hafi aðgengi að spilum
Markmið og mat á eign námi	Að börn setji sér markmið í námi og meti sitt eigið nám/færni	Í upphafi skólaárs setji elstu börnin sér markmið sem þau ætla að ná um veturinn og endurskoða um áramót	Verkefnastjóri	Sept Jan	Des Apríl	Samtöl við börnin	100% barna upplifi að þau hafa náð sínu markmiði



2.7 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022	<p>Stuðningur við þau börn sem áttu rétta á sérkennslupening (D010) var stuðningur við deildinna. Það var deildarstjóri ásamt sérkennslustjóra sem mátu, skipulögðu og útfærðu stuðninginn. Þau börn sem áttu rétt á sérkennslutímum (D011) voru með ákveðinn starfsmann sem sá um sérkennsluna í samráði við sérkennslustjóra.</p> <p>Sérkennslan fór að mestu fram inn á deildum barnanna í barnahópnum og í minni hópum allt eftir því hvað hentaði hverju barni. Sumt var unnið með í mjög litlum hóp og svo var færnin yfirfærð inn á deild í barnahópin með aðstoð starfsmanns. Mikil áhersla var lögð á að efla félagsfærni og málþroska barnanna í barnahópnum með því að ákveðnir starfsmenn væru með í leik barnanna. Starfsmaður dregur sig rólega út úr leiknum en heldur nálægð til þess að halda áfram að leiðbeina í framhaldinu og styðja barnið við að haldast í leik. Unnið var með tengslanet barnanna og skoðað hvort allir ættu vin. Í framhaldi var unnið með að efla og styrkja vináttuna og tengslamyndun barnanna.</p>
Hvaða matsgögn voru notuð?	Hljóm-2, AEPS, TRAS, EFI, Íslenski þroskalistinn, Íslenski málhljóðamælirinn, ABILLS. Félagfærni gátlistar.
Hvaða námsefni var notað?	Mikið efni er til í leikskólanum en einnig var fjárfest í þyngingarteppi og kraga, skynörvunardóti og bitdóti.



2.7.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skýrara verklag og skipulag	Hafa meira skipulag, skýrleika og yfirsýn	Auka skráningar. Festa ákveðna þætti á dagsetninga og tímabil	Sérkennslustjóri	Ágú	Apr	Fundir með stuðningsaðilum.	Að stuðningaðilar upplifi öryggi og betra utanumhald
Breyting á starfsaðferðum og heildræna samstarf	Skýrari heildarsýn Meiri samvinna milli stuðningaðila Stuðningurinn nýtist þar sem þörfin er	Búa til sérkennsluteymi þar sem aðilar heyra undir sérkennslustjóra Og þannig samræmd vinnubrögð og auka utanumhald	Sérkennslustjóri	Sep	Mar	Fundir með stuðningsaðilum og foreldrasamtöl	Kominn er rammi fyrir sérkennslu og sérkennsluaðilar með stundarskrá Foreldrar þeirra barna sem njóta stuðningsupplifi að þeir fá góðar upplýsingar og stuðning
Teach	Námskeið og stefna	Sérkennslustjóri sækir námskeið og auka starfsþróun	Sérkennslustjóri	Sep	Feb	Gátlisti	Námskeiði lokið



2.8 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Í laun starfsmanns</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)?</p>	<p>Í upphafi leikskólaárs var unnið með „Gefðu 10“ á þremur deildum sem svo datt upp fyrir en búið er að gera umbótaáætlun sem unnið verður eftir næsta vetur. Samskiptaorðabækur sem að ganga milli heimilis og skóla fóru vel af stað og unnið er markvist með þær á þremur deildum, börnin voru áhugasöm og stolt af bókunum sínum og fannst gaman setja inn ný orð. Unnið er með orðaforðagátlista frá „Orðaskil Málþroskapróf“ og „Orðaforðalista Menntamálastofnunnar“. Unnið er skipulega með orðflokka og setningarmyndun en sá orðaforði sem þar er þykir „gamaldags“ og vantar inn í hann.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?</p>	<p>Samverustundir eru í litlum hópum til að starfsmaður nái betur til allra barna og nái meiri samtali, unnið er með orðaspjall og orðaskjóðu. Einnig er lesið og rætt um bækur út frá áhugasviði.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku?</p>	<p>Farið er yfir grunnorðaforða og athugað hvaða orð barnið kann. Síðan er byrjað að byggja ofan á þann grunn með orðaforðabókum og samvinnu milli heimilis og leikskóla. Mánaðarlega er farið yfir framfarir og sett plan um áframhald. Notast er við Efi, Tras, Orðaskil og máhljóðamælinn.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Unnið er heildrænt út frá hverju barni fyrir sig. Markviss vinna er unnin með alla þætti í samstarfi við heimili og út frá áhugasviði og styrkleikum barnsins og sérstök áhersla lögð á félagsleg tengsl og samskipti.</p>



2.8.1 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfniramma í íslensku	Innleiða á skráningar tækið, „Hæfniramma á íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Sérkennslustjóri og annað starfsfólk fylla út Hæfniramma fyrir öll börn sem eru að læra fleiri en eitt tungumál	Sérkennslustjóri	Nóv	Apríl	Gátlisti	Öll börn sem læra fleiri en eitt tungumál eigi útfyllta lista
Orðaforða listi	Að til verði „nú tímalegir“ orðaforðalistar með orðum sem nýtast börn dagsdaglega og í samskiptum	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri uppfæra lista og myndir	Sérkennslustjóri	Sep	nóv	Gátlisti	Tilbúnir verði orðaforðalistar



3 Starfsþróun og fræðsla

Áfram verða mánudagar **fundardagar** og þá eru stjórnteymisfundir, deildarstjórafundur, deildarfundir og teymisfundir.

Teymin stýra ákveðnum verkefnum í starfi leikskólans. Í upphafi leikskólaársins verður farið yfir hvaða teymi eiga að vera áfram og hvaða teymi er hægt að leggja niður eða sameina allt eftir þeim verkefnum sem liggja fyrir og við viljum leggja áherslu á. Einn starfsmaður frá hverri deild er í teymi og heldur utan um verkefnið á sinni deild, deildarstjórar stjórna teyminu og verkefnastjóri skrifar fundargerðir eftir teymisfundum.

Fundarraðir verða tvær og eru þá tekin fyrir þau málefni sem hæst bera þá stundina. Starfsfólk velur það málefni sem höfðar til þess og sér um að endurmeta, skýra verkferla og koma í framkvæmd.

Við ætlum að styrkja okkur í starfsmannasamtölum með því að nota **snerpusamtöl** markvisst. Deildarstjórar eiga samtalið við starfsfólk deilda annan hvern mánuð, leikskólastjóri á samtali við stjórnendateymi leikskólans annan hvern mánuð. Búið er að ákveða þema viðtalsins fyrirfram, starfsmenn setja sér markmið fyrir næsta samtalið og það svo skoðað í því næsta. Búið er að setja í leikskóladagatalið hvernær samtölin eiga að vera og setja upp verkferil um samtölin og úrvinnslu úr þeim.

Starfsþróunarsamtöl eru í apríl/maí og það er leikskólastjóri sem tekur þau.

Fræðsla:

Þeir starfsdagar sem búið er að skipuleggja:

Á fyrsta starfsdegi leikskólaársins verður farið yfir „Samskiptastefnu Engjaborgar“, gildi Engjaborgar og Starfsmannahandbók sem er núna í smíðum.

Á öðrum starfsdegi verður fræðsla frá Jafnréttisskólanum.

Ráðgerð er námsferð erlendis á vormánuðum skipulag hennar liggur ekki fyrir.

Engjaborg ásamt leikskólunum Funaborg, Hólaborg og Sunnufold og Dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur fengu styrk frá Skóla – og frístundasviði vegna verkefnisins „Þátttaka barn í leikskólastarfi“, en verkefni snýr að því að þróa hlutverk kennara og annars starfsfólks í að stuðla að leik sem megin námsleið barna. Námið þeirra er skráð og metið með kerfisbundnum hætti með þátttöku barnanna, foreldra og starfsfólks.

Fimm fundir verða með deildarstjórum allra leikskólanna þar sem þeir fá fræðslu og ræða efnið í hópum. Tveir starfsmannafundir verða á leikskólaárinu þar sem allt starfsfólk leikskólanna fjögra



mætir og vinnur að verkefninu, finna þarf leiðir til að koma efni fundanna til skila til allra starfsmanna í Engjaborg.

Fyrir Covid fékk Engjaborg ásamt leikskólunum Funaborg, Hólaborg og Sunnufold styrk frá Erasmus+ sem nýta átti í námsferðir stjórnendateymi leikskólana til Evrópu. Samtals eru þetta 32 ferðir og áætlað er að Engjaborg fái átta ferðir. Nú höfum við fengið frest til nóvember 2023 til að klára þennan styrk og á haustmánuðum verður farið í nánari skipulag.

Engjaborg er einnig þátttakandi í Verkefninu „Innra mat í leikskóla í Austri – samtal og ígrundun. En það er samstarf allra leikskóla í Austurmiðstöð við HÍ. Markmið þessa verkefnis er að mynda lærdómssamfélag stjórnenda leikskóla með það fyrir augum að fræða þá og styrkja í að innleiða reglulegt, kerfisbundið innra mat á leikskólastarfi með þátttöku starfsmanna, barna og foreldra.

4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Engjaskóla, Brosbæjar og Engjaborgar miðar að því að auðvelda börnunum flutning af einu skólastigi yfir á annað. Elstu börnin í Engjaborg eru flest væntanlegir nemendur Engjaskóla og Brosbæ og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnast starfinu þar.

Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.



4.1 Samstarf Engjaskóli – Engjaborg – Brosbær 2022– 2023

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
19. ágúst kl. 16.00	Æfingar elstu barna leikskólans fyrir útskrift/kveðjustund fara fram í Engjaskóla	Engjaskóli	Deildarstjórar sjá um að bóka sali hjá skrifstofustjórum grunnskólans.
19. ágúst kl. 16:30	Útskrift/kveðjustund. Elstu börn leikskólans bjóða foreldrum og gestum í sal Engjaskóla. Söngur og fleira skemmtilegt. Eftir það er komið saman í Engjaborg notið veitinga og spjallað.	Engjaskóli og Engjaborg	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
11. okt. kl. 8.30-9.40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar ¹ . bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
16. nóv. kl. 10.00	5. bekkur í Engjaskóla les fyrir börnin í Engjaborg í tilefni af degi íslenskrar tungu. Nokkur börn mæta í einu.	Engjaborg	Stjórnendur og umsjónarkennara í 7. og 5. bekk.
10. nóv. kl. 10.00	Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann	Engjaborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
18. nóv. kl. 9.00-10.00	Heimsókn elstu barna leikskólanna í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og sýna skólann. Hittast niðri við salinn.	Engjaskóli	Stjórnendur, Engjaskóla hafa samband við leikskólana
9. des. kl. 9.00	Nemendur fyrsta bekkjar og leikskólabörnin hittast í Engjaskóla. Jólalögin sungin. Heitt súkkulaði í boði grunnskólans og piparkökur í boði leikskólans.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
14. des. kl. 9.00	Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur í leikskólunum frá grunnskólabörnunum í Engjaskóla.	Engjaborg	5. bekkja kennari í samráði við deildarstjóra elstu barna.
25. nóv. kl. 10.00-11.00	Kynning á starfi og reglum.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
16. jan. kl. 12:15-13:30	Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og nemendur hafa það gaman saman	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.



Skipulagt af fagstjóra grunnskólans	Leikskólabörnum boðið í íþróttir, smíði, heimilisfræði, textílmenn og myndmennt í bekk Engjaskóla . Börnin fara í hópum. Ákveðið þegar nær dregur.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
19. apríl kl. 8:30-9:40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
12.mái Kl 15:00	Vorskólaheimsóknir elstu barna og foreldra í Engjaskóla á vegum grunnskólans. <u>Foreldrar fara með sínu barni</u>	Engjaskóli	Skólastjórnendur grunnskóla
20. maí kl. 9:00	Elstu börn Engjaborgar bjóða 1. bekk á generalprufu útskriftar/kveðjustundar.	Engjaskóli	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
11. mars kl. 13:00-14:00 (óstaðfest) 6. maí kl. 14:00-15:00	Tvær heimsóknir í Brosbæ. Fyrri heimsókn, kynning á starfi og reglum. Seinni heimsókn, þátttaka í starfi frístundaheimilanna.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna
21.júní Kl. 10:00	Farið yfir síðustu samstarfsáætlun og drög unnin að næstu áætlun.	Engjaskóli	Stjórnendur beggja skólastiga. Deildarstjórar



5 Foreldrasamvinna

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og eru þau þegar barnið á afmæli og svo sex mánuðum seinna. Hjá elstu börnunum eru samtöl í apríl/maí. Við lítum svo á að afmælissamtalið sé „skyldusamtal“ og leggjum mikla áherslu á að foreldrar mæti í það. Auk þessa geta foreldrar alltaf beðið deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra um samtal.

Foreldrum er boðið að taka þátt í viðburðum eins og bóndadagskaffi og konudagskaffi og sumarhátíð.

Starfandi er foreldrafélag sem styður við starf leikskólans og sér um ýmsa viðburði.

Í september er foreldrafundur þar sem starfssemi deilda er kynnt og kosið er í foreldraráð. Í foreldraráði eru minnst þrjú foreldrar og starfar leikskólastjóri með foreldraráðinu. Foreldraráðið gefur umsagnir um áætlanir leikskólans og fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráðið hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar innan leikskólans.

6 Skipulagsdagar og starfsmannafundir

9. september

20. september – starfsmannafundur kl. 17.00-19.00 vegna „Þátttaka barna í leikskólastarfi“

7. október Sameiginlegur dagur í Grafarvogi

6. febrúar Sameiginlegur dagur í Grafarvogi

19. og 21. apríl Námsferð starfsfólks Engjaborgar

26. apríl – starfsmannafundur kl. 17.00 -19.00 vegna „Þátttaka barna í leikskólastarfi“

10. maí Sameiginlegur dagur í Grafarvogi

7 Fylgigögn

7.6 Leikskóladagatal

7.7 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs



F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Engjaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Björg Inga Erlendsdóttir

Guðlaug I Þorsteinsdóttir

Helga Margrét Clarke

Karen Svendsen

Lakmali Perera

Sara Sigurjónsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Engjaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2022-2023. Er það mat foreldraráðs að starfsáætlun sé í anda þeirra viðmiða sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur sett leikskólum borgarinnar jafnframt sé fjallað um öll atriði sem kveðið er á um í aðalnámskrá leikskóla.

Leikskólaárið sem nú er að líða (2021-2022) byrjaði á sambærilegum nótum og árið þar á undan þar sem covid faraldur einkenndi starfið framan af. Léttu tók á þegar veturinn var rúmlega hálfnaður. Fyrri partur vetrar var fremur krefjandi fyrir starfsfólk og stjórnendur vegna takmarkana og sóttvarna, rakninga smita og öðru sem fylgdi faraldrinum. Það var því mikill léttir þegar starfið fór að taka þá stefnu sem flestir þekktu áður og foreldrum gafst betra tækifæri til að kynnast starfsfólki, skólastarfi og samnemendum barna sinna.



Starfsmenn leikskólans eru metnaðarfullir og faglegir. Þeir bera hag nemenda í brjósti, tekið er vel á móti börnum við upphaf skóladags. Starfsfólk þekkir vel aðra nemendur en þá sem þau sinna innan sinnar starfsdeildar. Þegar börn eru sótt gefur starfsfólk sér tíma til að tala við foreldra og upplýsa um mikilvæg málefni. Þetta viðmót veitir foreldrum öryggi og greiðir veginn fyrir samstarf milli skóla og heimilis.

Vikupóstar með fréttum og myndum berast frá öllum deildum skólans í hverri viku. Þessir póstar upplýsa foreldra um faglegt starf skólans. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með þær upplýsingar. Skólastjórnendur hafa einnig verið duglegir að senda frá sér upplýsingar um matseðil vikunnar í gegnum upplýsingasíðu foreldra. Valan er einnig nýtt á faglegan hátt til að deila upplýsingum um viðverutíma, senda skilaboð til foreldra og skrá viðverutíma barna.

Innra mat leikskólans er ítarlegt. Umbótaáætlanir fyrir næsta skólaár lýsa metnaði starfsfólks og bera merki um faglegt starf.

Foreldraráð leikskólans Engjaborgar telur heilt yfir að stofnunin sé vel rekin og faglega staðið að öllu starfi. Ráðið lítur jákvæðum augum til næsta leikskólaárs.

Reykjavík 12/8/22

F.h. foreldraráðs Engjaborgar

Björg Inga Erlendsdóttir
Guðlaug I Þorsteinsdóttir
Helga Margrét Clarke
Karen Svendsen
Lakmali Perera
Sara Sigurjónsdóttir



